


# Háteigur



13. árgangur 1. tbl.

14. janúar 2009

**STARFSDAGUR 26. JANÚAR - FORELDRAVIÐTÖL 3. FEBRÚAR**

<http://www.hateigsskoli.is>

## Frá skólastjóra

Ágætu lesendur

Á haustin fögnum við myrkrinu sem umvefur okkur og við sækjum hlýju í ljósadýrðina sem nær hámarki í jólunum. Eitt er öruggt á þessum árstíma að sólin hækkar á lofti og þannig sigrar birtan myrkið á endanum. Við Íslendingar eigum auðvelt með að aðlagast umhverfinu, því að við höfum lifað af í harðbýlu landi og við náttúru sem sífellt hefur komið okkur á óvart. Nú reynir á þessa hæfileika okkar til að aðlagast og takast á við breytingar því að nú er stormur í sjálfu samfélaginu og sumir líkja ástandinu við náttúruhamfarir. Á sama hátt og við tökumst á við náttúruna og látum hana ekki buga okkur þurfum við að takast á við það sem er að gerast, en gæta þess að vera ekki leiksoppar. Það hefur sýnt sig að það ætla Íslendingar ekki að vera. Við vitum ekki nákvæmlega hvað er framundan en það er mikilvægt að grunnskólinn verði gríðastaður og því hvet ég foreldra sem aldrei fyrr að fylgjast vel með börnum sínum og líðan þeirra. Vera í sambandi við umsjónarkennara og nýta símatíma. Því miður er það svo að síma- og viðtalstímar kennara eru vannýttir og hafa lengi verið. Þið getið fundið þessa símatíma kennara í handbók foreldra sem er einnig á netinu. Foreldri á ekki að þurfa erindi eða sérstaka spurningu til að hringja í umsjónarkennara barnsins síns. Það er nóg að hringja og spyrja hvornig kennaranum finnst að barninu gangi í skólanum eða hvornig því líði og slíkar spurningar er ekki óeðlilegt að bera upp jafnvel þó að foreldri hafi enga sérstaka ástæðu. Það er ævinlega mikilvægt að kynnast kennara barnsins síns nánar, heyra sjónarmið, viðhorf og afstöðu. Því miður er það reyndar mín þau rúmlega tuttugu ár sem ég hef verið skólastjóri að foreldrar sitja alltof lengi inni með áhyggjur og spurningar sem auðvelt er að skýra eða sem þurfa að fara í frekari farveg. Við vitum að foreldrar eru almennt ánægðir með Háteigsskóla en það má ekki duga. Við Íslendingar þurfum að hætta að hugsa sem svo að þessi eða hinn sé áreiðanlega að gera sitt besta og treysta þannig í blindni. Það er gott að foreldrar treysti þeim sem annast börnin í skólanum en það traust má ekki byggjast á vanþekkingu, það verður alltaf og undantekningarlaust að byggjast á þekkingu á starfinu og starfslíðinu. Ég hvet foreldra jafnframt til að vera í sambandi við stjórnendur ef spurningar vakna um börnin eða skipulagið í skólanum. Við hér í

skólanum, eins og allir sem stjórna stofnunum eða kerfum, þurfum aðhald og gagnrýni er okkur nauðsynleg. Aðhald og gagnrýni ber vott um áhuga og umhyggju. Gagnrýni er vannýtt auðlind í okkar samfélagi og ef til vill ættum við skólafólkið að leggja meiri áherslu á gagnrýna hugsun. Því miður er það svo að margir halda að gagnrýnin sé neikvæðar athugasemdir sem bornar eru upp á erfiðum tímum en svo er ekki. Gagnrýni eru spurningar um það sem skiptir máli sem eru bornar fram af virðingu og kurteisi. Slík rýni getur orðið okkur til gagns. Ég ítreka að símatímar kennara er vannýtt auðlind. Ég hvet svo foreldra til að taka þátt í viðhorfskönnun um skólann sem lögð verður fram í byrjun febrúar í tengslum við foreldraviðtölin. Þó að ég brýni foreldra hér í þessum pistli þá vil ég að þakka fyrir gott og gjöfult samstarf á liðnu ári. Já, og þakka fyrir sérstaklega jákvætt viðhorf í garð skólans. Gleðilegt ár!

Ásgeir Beinteinsson, skólastjóri.

## Starfsdagur, foreldraviðtöl og námsmat

26. janúar verður starfsdagur í skólanum þegar kennarar leggja lokahönd á vitnisburð nemenda. 30. janúar munu nemendur fá hann afhentan. Í framhaldi af því verða foreldraviðtöl þriðjudaginn 3. febrúar. Foreldrar fá fljótlega upplýsingar um viðtalstíma. Nemendur 5. bekkjar og eldri koma í viðtölin með foreldrum sínum.

## Sagan um Kalla á leið í skólann

Dag einn var Kalli á leið í skólann. Hann labbaði ákkúrat 500 skref (hálfan kílómetra). Skólinn hét Háteigsskóli (alveg eins og minn). Þegar Kalli kom var skólinn með helling af skreytingum. Svo mundi hann að skólinn átti afmæli (minn líka, 15. nóvember). Hann fór inn og spurði klukkan hvað hátíðin yrði (hann var húsvörður). „Klukkan sjö“, sagði skólastjórinn. Klukkan sjö komu krakkarnir í sparifötum og kennararnir líka. Kalli mætti seint. Skólastjórinn sagði við hann, „hefur þú afsökun fyrir því að hafa komið of seint?“ Kalli sagði, „skiptir það máli?“ „Já, við biðum eftir þér. Afsökun, takk!“ „Ég týndi bíllyklunum og billinn fór ekki í gang í tíu mínútur. Svo lenti ég í árekstri og veskinu mínu var stolið og það var mikil umferð og má ég bæta við að ég var eltur af bófum og krummum og bílum um tvo kílómetra.“

Hugi Garðarsson, 6. bekk

## Viðhorf foreldra til Háteigsskóla

Í tengslum við foreldraviðtöl 3. febrúar könnum við í Háteigsskóla viðhorf foreldra til skólans í tíunda sinn.

Það er mjög mikilvægt fyrir skólann að fá vísbendingar um þann hug sem foreldrar bera til skólans og upplýsingar um hvað betur megi fara í starfinu. Upplýsingarnar sem við fáum geta reynst dýrmætar í endurbótastarfi skólans. Það er von okkar að sem flestir taki þátt í könnuninni.

Könnuninni verður hægt að svara hér í skólanum 3. febrúar. Í tölvustofunni við hlið bókasafnsins og í salnum verða tölvur fyrir þátttakendur. Einnig liggur könnunin fram í anddyri, á skrifstofu og í skálanum fyrir þá sem frekar kjósa að svara á pappír. Vinsamlegast svarið einu sinni fyrir hvert barn.

## Heimanám fyrir nemendur í 5. – 7. bekk

Frá og með mánudeginum 4. febrúar býðst nemendum í 5.-7. bekk að vinna að heimanámi í skólanum tvo daga vikunnar, þ.e. mánudaga og miðvikudaga kl. 14:30-15:30. Heimanámið verður í stofu A203 (tónmenntastofu) og umsjón með því hefur Guðný Ingibjörg Einarsdóttir kennari. Skyldumæting er í tímana, viðvera nemenda er 60 mínútur og ber að láta vita ef um forföll er að ræða. Forráðamenn bera ábyrgð á mætingum barna sinna og verða þeir látnir vita ef þau mæta ekki.

Gjaldið fyrir tímabilið frá 4. febrúar til og með 25. maí er:

- Einu sinni í viku kr. 4200 (14 skipti)
- Tvisvar í viku kr. 8400 (28 skipti)

Athuga ber að lágmarkspátttaka í hvern tíma eru 12 nemendur. Ef sá fjöldi næst ekki verður ekki farið af stað með heimavinnutímana.

Umsóknareyðublöð er hægt að fá á heimasíðu skólans og hjá ritara. Allar nánari upplýsingar veitir aðstoðarskólustjóri.

## Mjólkuráskrift

Ágætu nemendur og forráðamenn.

Mjólkuráskriftartímabilin eru tvö, eitt á hvorri önn. Síðara áskriftartímabilið hefst þriðjudaginn 20. janúar og lýkur 4. júní. Umsjónarmaður mjólkursölunnar gengur í stofur á miðvikudag 14. janúar og fimmtudag 15. janúar og tekur við greiðslum vegna áskrifta. Einnig er hægt að borga áskriftina inn á reikning skólans en þá verða forráðamenn að koma með kvittun í skólann eða láta senda hana. Reikningsnúmer er 0111-05-64112 og kennitala skólans 671088-2639. Skrifðu nafn barnsins og bekk á kvittunina.

Nemendur geta nú keypt áskrift til og með 4. júní eða í 84 skipti. Annars vegar er um að ræða einfalda áskrift (þ.e. einn drykkur á dag sem afhentur er í nestistíma kl. 10:10) og hins vegar tvöfalda áskrift (þ.e. tveir drykkir á dag í nestistíma kl. 10:10 og í hádegi eða í frístundaheimili). Athugið að nemendur sem eru í mataráskrift fá vatn að drekka með matnum þannig að þeim nægir einföld áskrift. Sama gildir um þá sem eru í nestisáskrift í frístundaheimili, þ.e. nestinu fylgir mjólk.

<b>Verð fyrir 84 skipti :</b>	<b>einföld</b>	<b>tvöföld</b>
Léttmjólk ¼ l	2000 kr.	4000 kr.

Fyrsta afhending verður þriðjudaginn 20. janúar og síðasta afhending fimmtudaginn 4. júní.

Aðstoðarskólustjóri

## Lesvefurinn

Opnaður hefur verið sérstakur lesvefur sem ætlaður er öllum þeim sem þurfa að vinna með lestur. Á vefnum eru hagnýtar upplýsingar um læsi og lestrarerfiðleika sem byggðar eru á rannsóknum og þekkingu sem safnast hefur á undanförunum þremur til fjórum áratugum. Hlutverk vefjarins er að efla þekkingu foreldra, kennara og nemenda á læsi og lestrarerfiðleikum og þeim kennsluaðferðum og úrræðum sem best mæta þörfum allra nemenda. Helga Sigurmundsdóttir, sérkennari í Háteigsskóla, var verkefnisstjóri þessarar vinnu síðastliðinn vetur og voru nokkrir kennarar hér í skólanum henni til aðstoðar, ásamt nemendum hér. Vefurinn var unninn á vegum SRR – Símenntun, rannsóknir, ráðgjöf, Kennaraháskóla Íslands, fyrir menntamálaráðuneytið. Auk þess hefur menntamálaráðuneytið veitt fé til að viðhalda vefnum þetta skólaár. Efnið er flokkað í þrjá meginþætti: Leiðbeiningar, þekkingu og þjónustu. Undir myndtenglum á lárétrri valrönd efst á vefsíðunni er einnig gefin innsýn í tiltekna undirþætti læsis í máli og myndum. Þar er allt lesefni talsett. Sjá má myndbrot af málörvunar-, lestrar- og skriftarkennslu ásamt sýnishornum af vinnu nemenda. Á tenglinum Framhaldsnám á sömu valrönd er myndband þar sem lýst er notkun talgervils, orðabókar og leiðréttingarforrits við nám í framhalds- og háskóla. Krækja á vefinn er af heimasíðu Háteigsskóla, en slóðin er <http://lesvefurinn.khi.is>. Vefurinn, sem er öllum opin, ætti að geta nýst kennurum, foreldrum og nemendum, bæði ungum og gömlum.

## Frá heilsugæslunni Hlíðum

### Svefn og hvíld

Góður svefn er mikilvægur fyrir heilsu okkar og þroska. Vissir þú að við vöxum mest á meðan við sofum? Svefnþörfin getur því aukist þegar við erum að taka út vöxtinn.

Hæfilegur svefntími barna og unglunga:

6 til 8 ára er 10 – 12 klst.

9 til 12 ára er 10 – 11 klst.

13 til 15 ára er 9 – 10 klst.

### Að róa sig fyrir svefninn

Ekki fara svangur í rúmið. Gott að lesa góða bók eða hlusta á sögu eða rólega tónlist þegar komið er í rúmið. Foreldrar, gefum okkur tíma til að fylgja börnunum eftir í rúmið og bjóðum börnunum góða nótt (líka unglingunum).

### Afleiðingar þreytu

Sá sem situr syfjaður og þreyttur í skólanum tekur ekki vel eftir því sem fram fer og námsárangur verður slakari en efni standa til. Langvarandi þreyta dregur líka úr mótstöðu gegn sjúkdómum og hættara er á slysum. Foreldrar, ykkar er ábyrgðin! Hjálpið börnunum að ná nægum nætursvefni.

## Bananinn

Einu sinni var banani og bananinn vildi fara yfir götu. Svo dó hann. Bróðir hans kom og hann náði að fara yfir götuna. Svo kom allt í einu einn fugl og hann borðaði dauða bananann.

Smári Nielsson, 5. bekk

☞ Spakmæli mánaðarins: ☜  
Að viðurkenna að manni hafi mistekist er að sýna að maður sé vitrari í dag en í gær.